

SAMKOMULAG

Undirrituð, Hafnarfjarðarkaupstaður, kt. 590169-7579, hér á eftir nefndur bærinn og Skipalón 7 ehf., kt. 710506-2800, hér á eftir nefnt Skipalón 7 gera með sér eftirfarandi samkomulag

Skipalón 7 er lóðarhafi lóðarinnar Skipalón 3, L203304.

Á fundi skipulags- og byggingarráðs 6. nóvember 2018 var tillaga að lóðarskiptingu lóðarinnar samþykkt og endurskoðunar lóðarleigusamnings vísað til bæjarráðs. Bæjarráð samþykkti tillöguna 22. nóvember s.á.

Lóðinni verði skipt í tvær lóðir og kemur önnur lóðin í hlut bæjarins.

Á fundi skipulags- og byggingarráðs 26. febrúar sl. var breyting á deiliskipulagi lögð fram og samþykkt að auglýsa deiliskipulagsbreytinguna og kynna fyrir aðliggjandi lóðarhöfum.

Á lóðinni sem kemur í hlut Skipalóns 7 verður heimilt að reisa tveggja hæða hús fyrir 6 smáíbúðir.

Skipalón 7 greiðir til bæjarins lágmarks lóðarverð fyrir fjölbýlishús, sem er nú kr. 3.622.934 pr. íbúð m.v. 75 m² íbúð og vísitölu febrúar 2019. Lóðarverð er greitt við útgáfu byggingarleyfis og skv. gjaldskrá á þeim tíma.

Skipalón 7 afhendir lóðina veðbandalaus til bæjarins. Gerður verður nýr lóðarleigusamningur við Skipalón 7 í samræmi við samkomulag þetta og eldri lóðarleigusamningur afmáður.

Til staðfestu samkomulagi þessu undirrita aðilar það í viðurvist vitundarvotta.

Hafnarfirði,

2019

f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar

f.h. Skipalóns 7 ehf.

Vitundarvottar að rétttri dags.,
undirritun og fjárræði aðila: